

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

98/EES/11/01 Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Ákvörðun um takmarkaða framlengingu á gildistíma kortsins yfir svæði sem njóta stuðnings (Noregur) 1

3. EFTA-dómstóllinn

98/EES/11/02 Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 12. nóvember 1997 í máli Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur gegn íslenska ríkinu (Mál E-9/97) 2

98/EES/11/03 Mál höfðað þann 18. desember 1997 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn konungsríkinu Noregi (Mál E-10/97) 2

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/11/04 Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1083 - Rhône-Poulenc/Novalis/Nyltech) 4

98/EES/11/05 Tilkynning um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/E-2/36.949) 5

98/EES/11/06 Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1109 - Owens-Illinois/BTR Packaging) 6

98/EES/11/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1030 - Lafarge/Redland)	6
98/EES/11/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1033 - Axa-UAP/Axa Aurora)	7
98/EES/11/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1036 - Chrysler/Söluaðilar (BeNeLux og Þýskaland)	7
98/EES/11/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1099 - Otto Versand/Actebis)	8
98/EES/11/11	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 varðandi mál IV/36.563 - IATA Cargo Tariff Conference	8
98/EES/11/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 69/97 - Þýskaland	9
98/EES/11/13	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 5/96 - Frakkland	9
98/EES/11/14	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki	9
98/EES/11/15	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	11
3. Dómstóllinn		
98/EES/11/16	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	12
98/EES/11/17	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	14

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins 98/EES/11/01 og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

Ákvörðun um takmarkaða framlengingu á gildistíma kortsins yfir svæði sem njóta stuðnings - (Noregur)

Ákvörðunin var samþykkt þann:	17. 12. 1997
EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	97-010
Titill:	Kort yfir svæði sem njóta stuðnings
Markmið:	<p>- Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð Lagastoð: Konunglegur úrskurður frá 24. mars 1995 - Reglugerð um afmörkun svæða sem eiga rétt á pólitískum byggðastyrkjum</p> <p>Fjárveiting: Engin fjárveiting sem úthlutað er beint vegna kortsins</p> <p>Umfang: 25% af heildaríbúafjölda</p> <p>Styrkleiki aðstoðar: Svæði skv. a-lið 3. mgr. 61. gr.: Marksvæði A: 35% hreint styrkjafnvirði, að viðbættum 15% brúttó fyrir LMF, hlutfall af íbúafjölda alls 2%</p> <p>Svæði skv. c-lið 3. mgr. 61. gr.: Marksvæði B: 25% hreint styrkjafnvirði, að viðbættum 5% brúttó fyrir LMF, hlutfall af íbúafjölda alls 11%</p> <p>Marksvæði C: 15% hreint styrkjafnvirði, að viðbættum 10% brúttó fyrir LMF, hlutfall af íbúafjölda alls 12%</p>
Gildistími:	Framlenging á gildistíma núverandi korts yfir svæði sem njóta aðstoðar frá 1.1.1998 til 30.4.1998

EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Héraðsdómi 98/EES/11/02
Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 12. nóvember 1997
í máli Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur gegn íslenska ríkinu**

(Mál E-9/97)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur, Íslandi, frá 12. nóvember 1997, sem barst skrifstofu dómstólsins 18. nóvember 1997, um ráðgefandi álit í máli Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur gegn íslenska ríkinu, vegna eftirfarandi spurninga:

1. Ber að skýra gerð þá sem er að finna í 24. lið í XVIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun ráðsins nr. 80/987/EBE frá 20. október 1980, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 87/164/EBE frá 2. mars 1987), einkum 2. mgr. 1. gr. og 10. gr. hennar, á þann veg að samkvæmt henni megi með landslögum útiloka launþega, vegna skyldleika við eiganda sem á 40% í gjaldþrota hlutafélagi, frá því að fá greidd laun úr ábyrgðarsjóði launa á vegum ríkisins þegar launþeginn á ógoldna launakröfu á hendur þrotabúinu. Um er að ræða skyldleika í fyrsta lið til hliðar, þ.e.a.s. systkini?
2. Ef svarið við spurningu nr. 1 er á þá leið, að launþegann megi ekki útiloka frá því að fá laun sín greidd, varðar það ríkið skaðabótaábyrgð gagnvart launþeganum að hafa ekki, samfara aðild sinni að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, breytt landslögum á þann veg að launþeginn ætti samkvæmt þeim lögbundinn rétt til launagreiðslnanna?

**Mál höfðað þann 18. desember 1997 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn 98/EES/11/03
konungsríkinu Noregi**

(Mál E-10/97)

Þann 18. desember 1997 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál gegn konungsríkinu Noregi fyrir EFTA-dómstólnum. Lögmaður sóknaraðila er Hákan Berglin, deildarstjóri laga- og framkvæmdadeildar Eftirlitsstofnunar EFTA, 74, rue de Trèves, B-1040 Brussel.

Sóknaraðili gerir kröfu um að dómstóllinn:

1. Lýsi því yfir að konungsríkið Noregur, með því að taka ekki upp innan tilskilins frests nauðsynleg ákvæði í landslög til að fara að gerðinni sem vísað er til í 2. lið í XVIII. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 78/610/EBE frá 29. júní 1978 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um heilsuvernd starfsmanna er verða fyrir áhrifum af vinyklóríðeinliðu), eins og hún var aðlöguð með bókun 1 við EES-samninginn, hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt 11. gr. þessarar gerðar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Að konungsríkið Noregur greiði málskostnað.

Málavextir, lagaákvæði og málsástæður:

- Í tilskipun ráðsins 78/610/EBE frá 29. júní 1978 er kveðið á um tiltekna kröfur um heilsuvernd starfsmanna er verða fyrir áhrifum af vinyklóríðeinliðu.

- Samkvæmt 7. gr. EES-samningsins skulu gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar vera bindandi fyrir samningsaðilana og vera eða verða teknar upp í landsrétt.
- Vísað er til tilskipunar ráðsins 78/610/EBE frá 29. júní 1978 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um heilsuvernd starfsmanna er verða fyrir áhrifum af vinyklóríðeinliðu í 2. lið XVIII. viðauka við EES-samninginn.
- Af 11. gr. gerðarinnar, eins og hún var aðlöguð með bókun 1 við EES-samninginn, leiðir að Noregi þar að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum lögum og stjórnslufyrirmælum til að fara að gerðinni fyrir 1. janúar 1994 og tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA tafarlaust um aðgerðir í því skyni.
- Þegar fyrirnefndur frestur rann út, hafði Noregur ekki komið á nauðsynlegum lögum til að fara að gerðinni. Né höfðu síkar ráðstafanir verið gerðar þegar sá frestur rann út sem Eftirlitsstofnun EFTA kvað á um í rökstuddu álitum þar sem hún fór fram á að Noregur gerði nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að gerðinni. Noregur hefur því brugðist skyldum sínum samkvæmt 11. gr. gerðarinnar og 7. gr. EES-samningsins.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1083 - Rhône-Poulenc/Novalis/Nyltech)

98/EES/11/04

1. Framkvæmdastjórnninni barst 9. 3. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Rhodiansyl SNC (Rhodia), sem tilheyrir samstæðunni Rhône-Poulenc, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækjunum Novalis og Nyltech, að undanskildu fyrirtækinu Nyltech North America, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Rhône-Poulenc: kemísk efni (Rhodia), lyf, plöntuvarnarefni, dýraheilbrigðisvörur,
 - Novalis: pólýamíðtrefjar og -garn,
 - Nyltech: inndælanleg pólýamíðplastefni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórnninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 83, 18. 3. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1083 - Rhône-Poulenc/Novalis/Nyltech, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynning um sameiginlegt verkefni
(Mál nr. IV/E-2/36.949)**

98/EES/11/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. mars 1998 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ um samninga milli fyrirtækjanna Cerestar Deutschland GmbH, Krefeld, Merck KGaA, Darmstadt og BASF AG, Ludwigshafen, um stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni til að framleiða á lífrænan hátt 2-kefó-L gúlonsýru (KGS), vöru sem er notuð til að framleiða C-vítamín. Samningsaðilar eiga hver um sig einn þriðja af fyrirtækinu um sameiginlega verkefnið. Framleiðsluáðstöðu fyrirtækisins verður komið á fót á iðnaðarsvæði fyrirtækisins Cerestar í Krefeld og mun að stórum hluta sameinuð fyrirliggjandi verksmiðju þar. Cerestar mun útvega grunnefnið sorbítól sem verður breytt í KGS í fyrirtækinu um sameiginlega verkefnið. Merck og BASF munu hvort um sig vinna KGS í C-vítamín sem þau munu síðan markaðssetja sitt í hvoru lagi. Í tengslum við sameiginlega framleiðslu á KGS munu samningsaðilar starfa saman við að rannsaka og þróa ummyndun á sterkju, sorbítól og öðrum sterkjuafleiðum í KGS og C-vítamín. Samningarnir hafa áhrif á C-vítamínmarkaðinn.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB nr. C 81, 17. 3. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 299 24 64) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/E-2/36.949, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate E
Office 2/46
Avenue de Cortenberg 158
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1109 - Owens-Illinois/BTR Packaging)****98/EES/11/06**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. 3. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Owens-Illinois Inc. (O-I) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir umbúðastarfsemi BTR (BTR Packaging).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - O-I: framleiðsla á glerflátum (sem og vélar fyrir slíka framleiðslu) og plastumbúðum,
 - BTR Packaging: framleiðsla á gler- og plastflátum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 78, 13. 3. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1109 - Owens-Illinois/BTR Packaging, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1030 - Lafarge/Redland)****98/EES/11/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. 12. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frónsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1030. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1033 - Axa-UAP/Axa Aurora)****98/EES/11/08**

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. 12. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1033. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1036 - Chrysler/Söluaðilar (BeNeLux og Þýskaland))****98/EES/11/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. 12. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1036. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1099 - Otto Versand/Actebis)****98/EES/11/10**

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. 2. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1099. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 5. gr. 98/EES/11/11
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 varðandi mál IV/36.563 - IATA
Cargo Tariff Conference**

Samtökin International Air Transport Association (IATA) lögðu 30. júní 1997 fram beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða að öðrum kosti um undanþágu í samræmi við 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans eða 53. gr. EES-samningsins ef framkvæmdastjórnin neitar að staðfesta að ekki sé þörf aðgerða sem stendur. Þessi beiðni varðar nokkrar ályktanir og ákvarðanir sem mynda ramma fyrir viðræður um verð á farmi milli meðlima IATA og milli IATA og farmflytjenda utan IATA sem óska eftir að taka þátt í samráðsviðræðunum um verð á farmi í flutningi innan EES (sjá nánari útlístu í Stjtið. EB nr. C 77 frá 12. 3. 1998).

Þessi tilkynning er birt í samræmi við 2. mgr. 5. gr. í reglugerð ráðsins (EB) nr. 3975/87.

Framkvæmdastjórnin hefur á þessu stigi málsins ekki tekið afstöðu til þess hvort hægt sé að veita undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans.

Framkvæmdastjórnin gefur öllum aðildarríkjunum og þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri innan 30 daga frá birtingu þessarar auglýsingar í fyrrnefndum Stjtið. EB, með tilvísun til IV/36.563, við:

Commission of the European Communities
DG IV/D/2
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 69/97
Þýskaland

98/EES/11/12

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar sem þýska ríkisstjórnin áformar að veita fyrirtækinu SKET Maschinen- und Anlagenbau GmbH (Saxlandi-Anhalt) (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 79 frá 14. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 5/96
Frakkland

98/EES/11/13

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð sem hafin var samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna franskra aðstoðar við fyrirtækið Saab-Scania (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 79 frá 14. 3. 1998). Frönsk yfirvöld ætla ekki að veita neina aðstoð vegna viðkomandi verkefna.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 98/EES/11/14
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð til að bæta markaðsskilyrði fyrir skógarafurðir, ríkisaðstoð nr. N 226/96 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um ríkisaðstoð til að breyta vopnageymslum sem áður tilheyrðu bandaríkjaher í miðstöð til að þjálfa brokkhesta, ríkisaðstoð nr. N 586/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska svæðaaðstoð til styrktar fyrirtækinu FIAT Auto, S.p.A., ríkisaðstoð nr. N 562/96 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um ríkisaðstoð á sviði bílaiðnaðarins í þágu fyrirtækisins VW Kassel/Baunatal, S.p.A., ríkisaðstoð nr. N 199/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska björgunaráætlun fyrir byggingarfyrirtækið Fratelli Costanzo S.p.A., ríkisaðstoð nr. N 467/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska svæðaaðstoð á sviði bílaiðnaðarins til stuðnings fyrirtækinu SOVAB (Société des Véhicules automobiles de Batilly), ríkisaðstoð nr. N 683/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um ríkisaðstoð til að efla rannsóknir og þróun á sviði orkumála, ríkisaðstoð nr. N 269/97 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalska björgunaraðstoð til fyrirtækisins Dragapor S.A., ríkisaðstoð nr. N 795/97 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska björgunaraðstoð til fyrirtækisins Ergee Textilwerk GmbH, ríkisaðstoð nr. NN 181/97 (áður N 455/97) (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska áætlun um ríkisaðstoð til að styrkja fjárfestingar í nýjum vélum til iðnaðarnota, ríkisaðstoð nr. N 659/A/97 (áður N 455/97) (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem hafa sérstaka þýðingu fyrir efnahags- og atvinnulíf, ríkisaðstoð nr. N 793/97 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska áætlun til að stuðla að auknum fjárfestingum og forsamkeppnishæfri þróunarstarfsemi sem unnin er á vegum lítilla fyrirtækja á tæknisviðinu, ríkisaðstoð nr. N 824/97 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska áætlun um ríkisaðstoð til að viðhalda störfum eldri starfsmanna og bæta vinnuskilyrði þeirra, ríkisaðstoð nr. 483/97 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

98/EES/11/15

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtúð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
98-0067-D	Drög að leiðbeiningum um smíði og starfsemi færanlegra innréttinga (MFIBauR) - desember 1997	6.5.1998
98-0068-B	Ráðherrafyrirmæli um breytingu á ráðherra-fyrirmælum frá 6. mars 1978 um niðursöðna neyslumjól	11.5.1998
98-0069-D	Tæknilegir afhendingarskilmálar fyrir gagntaks-viðarkvoðu í grunnmálningu, steinsteypuþéttiefni og grófa grunnmálningu undir asfaltklæðningar á steinsteypugrunn (TL-BEL-EP), 1998 og tæknileg prófunarskilyrði fyrir gagntaksviðarkvoðu í grunnmálningu, steinsteypuþéttiefni og grófa grunnmálningu undir asfaltklæðningar á steinsteypugrunn (TP-BEL-EP), 1998	4.5.1998
98-0070-F	Fyrirmæli um að heimila notkun tæknilegra hjálparefna við framleiðslu á matvælum	12.5.1998
98-0073-NL	PT-reglugerð um förgun dauðra blómlauka 1997, breyting 1997/1 og 1997/2	18.5.1998
98-0074-S	Reglugerðir siglingamálastjórnarinnar um breytingu á tilkynningu hennar (SJÓFS 1985:24) um brunavarnir í skipum sem falla undir alþjóðasamninginn um öryggi mannlífa á hafinu (1974)	18.5.1998
98-0075-UK	Byggingareglugerðir 1991. Drög að breytingu á samþykktu skjali (brunavarnir)	20.5.1998
98-0076-B	Drög að lögum um að draga úr hljóðstyrk labb-stereótæka og -heyrnartóla	18.5.1998
98-0077-F	Tæknilegar athugasemdir við lyfjaskrá sem lögð er fram til opinberrar rannsóknar	18.5.1998

⁽³⁾⁽⁴⁾⁽⁵⁾

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtúð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

⁽⁵⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

98/EES/11/16

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 18. desember 1997 í sameinuðum málum C-286/94, C-340/95, C-401/95 og C-47/96 (beiðni um forúrskurð frá Hof van Beroep te Antwerpen, Rechtbank van Eerste Aanleg te Brussel og Rechtbank van Eerste Aanleg te Brugge): Garage Molenheide BVBA, Peter Schepens, Bureau Rik Decan-Business Research & Development NV (BRD) og Sanders BVBA gegn belgíska ríkinu (sjötta tilskipun 77/388/EBE - gildissvið - réttur til frádráttar á virðisaukaskatti - endurgreiðanlegum virðisaukaskatti haldið eftir - reglan um meðalhóf).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 15. janúar 1998 í máli C-125/96 (beiðni um forúrskurð frá Hessisches Finanzgericht, Kassel): Hartmut Simon gegn Hauptzollamt Frankfurt am Main (viðbótargjöld á mjólk - gjalddagi - 4. mgr. 15. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1546/88 - merking „útistandandi skuldar“).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 15. janúar 1998 í máli C-113/97 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal du Travail, Charleroi): Henia Babahenini gegn belgíska ríkinu (samstarfssamningur milli EBE og Alsírs - 1. mgr. 39. gr. - meginreglan um jafna meðferð á sviði almannatrygginga - bein áhrif - gildissvið - örorkubætur).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 29. janúar 1998 í máli C-61/95: Lýðveldið Grikkland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (reikningsuppgjör Þróunar- og ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar - útgjöld árið 1991).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 29. janúar 1998 í máli C-280/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu (ríkisaðstoð - skattabónus fyrir ákveðinn tegund af skatti - endurgreiðsla á aðstoð).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 29. janúar 1998 í máli C-161/96 (beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof): Südzucker Mannheim/Ochsenfurt AG gegn Hauptzollamt Mannheim (sameiginleg markaðsskipulagning fyrir sykur - vanræksla á formlegri tollmeðferð við útflutning frá bandalaginu - afleiðingar - meðalhófsreglan).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 29. janúar 1998 í máli C-315/96 (beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Hamburg): Lopex Export GmbH gegn Hauptzollamt Hamburg-Jonas (tollur - vöruflokkun - reglugerð um breytingu á flokkun - bindandi gjaldskráupplýsingar sem áður voru birtar - gildistími).

Fyrirmæli dómstólsins (þriðja deild) frá 18. desember 1997 í máli C-409/96 P: Sveriges Betodlars Centralforening og Sven Åke Henrikson gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (sameiginleg stefna í landbúnaðarmálum - umreikningur fyrir landbúnaðarvörur með tilliti til sykurs - órókstudd áfrýjun).

Mál C-425/97, C-426/97 og C-427/97: Beiðni um forúrskurð frá Gerechthshof te 's-Hertogenbosch samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 11. nóvember 1997 í sakamáli á hendur Adrianus Hendrikus Albers, Martinus Johannes Maria Van den Berkmortel og Leon Victor Pierre Maria Nuchelmans.

Mál C-435/97: Beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgericht, Autonome Sektion für die Provinz Bozen, Ítalíu, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 16. desember 1997 í máli höfðað af World Wildlife Fund (WWF), Italia Nostra, innlend samtök, og Günther Bachmann o.fl. gegn Autonome Provinz Bozen, samgönguráðuneytinu, bæjarfélaginu Bozen, bæjarfélaginu Leifers, Südtiroler Transportstrukturen AG og Airport Bolzano-Bozen AG.

Mál C-437/97: Beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgerichtshof Wien samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 18. september 1997 í máli 1) Evangelischer Krankenhausverein Wien gegn Abgabenberufungskommission og 2) Ikerer Warenhandels-gesellschaft m.b.H. gegn Oberösterreichische Landesregierung.

⁽¹⁾ Sjá Stjttð. EB nr. C 72, 7. 3. 1998.

Mál C-438/97: Beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgerichtshof, Austurríki, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 10. desember 1997 í máli áfrýjað af Holger Warnecke, Dirk Schultz, Rudolf Weinzierl, Johann Schachtner, Konrad Sonnleitner og Ulrich Muckenschnabel gegn Unabhängiger Verwaltungssenat des Landes Salzburg, einnig aðili að málinu: Bundesminister für Wissenschaft und Verkehr.

Mál C-439/97: Beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgerichtshof, Austurríki, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 18. desember 1997 í máli Sandoz GesmbH gegn Finanzlandesdirektion für Wien, Niederösterreich und Burgenland.

Mál C-443/97: Mál höfðað þann 23. desember 1997 af konungsríkinu Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-1/98 P: Áfrýjað var þann 7. janúar 1998 af British Steel plc dómi uppkveðnum þann 24. október 1997 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild með auknum fjölda dómara) í máli T-243/94 milli British Steel plc, með stuðningi SSAB Svenskt Stál AB og Det Danske Stålvalseværk A/S, og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, með stuðningi ráðs Evrópusambandsins, lýðveldisins Ítalíu, konungsríkisins Spánar og Ilva Laminati Piani SpA.

Mál C-3/98: Beiðni um forúrskurð frá Hof van Beroep, Gent, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 18. desember 1997 í máli Openbaar Ministerie gegn D.R.C. Schacht o.fl.

Mál C-4/98: Beiðni um forúrskurð frá Sø- og Handelsretten, Kaupmannahöfn, samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 3. desember 1997 í máli Calvin Klein Trademark Trust gegn Cowboyland A/S, Dansk Supermarked Administration A/S, HBN Marketing ApS, Progress, málflytningismaður Peter Jensen og Bilka Lavprisvarehus A/S.

Mál C-5/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance, Angoulême (fyrsta einkamálaeild), samkvæmt dómi þess dómstóls frá 8. janúar 1998 í máli SA Otor Godard gegn Directeur des Services Fiscaux de la Charente.

Mál C-6/98: Beiðni um forúrskurð frá Oberlandesgericht Stuttgart samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 17. desember 1997 í máli Arbeitsgemeinschaft Deutscher Rundfunkanstalten (ARD) gegn PRO Sieben Media AG, meðalgöngumaður: 1) SAT 1 Satellitenfernsehen GmbH og 2) Kabel 1, K 1 Fernsehen GmbH.

Mál C-7/98: Beiðni um forúrskurð frá Bundesgerichtshof samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 4. desember 1997 í máli Dieter Krombach gegn André Bamberski.

Mál C-8/98: Beiðni um forúrskurð frá Landgericht Heilbronn samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 16. júní 1997 í máli Dansommer A/S, Danmark gegn Önnuras Götz.

Mál C-9/98: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance de Namur samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 5. janúar 1998 í máli Ermanno Agostini og Emanuele Agostini gegn Ligue Francophone de Judo et Disciplines Associées ASBL og Ligue Belge de Judo ASBL.

Mál C-12/98: Beiðni um forúrskurð frá Audiencia Provincial de Palma de Mallorca (Sección 3ª), samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 12. janúar 1998 í máli M. Amengual Far gegn J. Amengual Far.

Mál C-14/98: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Torino samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 18. desember 1997 í máli Battital Srl gegn Regione Piemonte.

Mál C-21/98: Mál höfðað þann 26. janúar 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-24/98: Mál höfðað þann 28. janúar 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-26/98: Mál höfðað þann 29. janúar 1998 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-276/96 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Portúgal.

Mál C-170/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Portúgal.

Mál C-171/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Portúgal.

Mál C-286/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Portúgal.

Mál C-141/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-88/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Portúgal.

Mál C-26/95 tekið af málaskrá (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Terni): Sakamál á hendur Ivana Rosi.

Mál C-49/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-227/97 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn lýðveldinu Portúgal.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 98/EES/11/17

Mál T-314/97: Mál höfðað þann 15. desember 1997 af Patrizio Severino gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-315/97: Mál höfðað þann 11. desember 1997 af S.U.T.E.S. SpA o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-597/97: Mál höfðað þann 17. desember 1997 af Euromim S.A. gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-600/97: Mál höfðað þann 19. desember 1997 af Ditta Pietro Stagno gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-601/97: Mál höfðað þann 19. desember 1997 af Ditta Fabrizio Cernecca gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-602/97: Mál höfðað þann 19. desember 1997 af Trasporti e Spedizioni Internazionali Cossutta SNC gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-603/97: Mál höfðað þann 19. desember 1997 af Ditta Giuseppe Camaur gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-604/97: Mál höfðað þann 19. desember 1997 af Cointra Transport and Trade Co. Srl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-605/97: Mál höfðað þann 19. desember 1997 af Autotrasporti Silvano Zottich gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-606/97: Mál höfðað þann 19. desember 1997 af Zootrans SNC gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-607/97: Mál höfðað þann 19. desember 1997 af Pauletic Antonio Succ. di Pauletic Igor gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-609/97: Mál höfðað þann 23. desember 1997 af Regione Puglia gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(¹) Sjá Stjttíð. EB nr. C 72, 7. 3. 1998.

Mál T-613/97: Mál höfðað þann 30. desember 1997 af Union Française de l'Express (UFEX) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-1/98: Mál höfðað þann 2. janúar 1998 af Fabris Carlo & C. SNC gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-3/98: Mál höfðað þann 5. janúar 1998 af D'Odorico Franco gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-4/98: Mál höfðað þann 5. janúar 1998 af Birri Fiorindo gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-5/98: Mál höfðað þann 5. janúar 1998 af Framalicco Maria Cecilia gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-6/98: Mál höfðað þann 5. janúar 1998 af Autotrasporti di Viola Claudio & C. SNC gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-8/98: Mál höfðað þann 5. janúar 1998 af Siderca S.A.I.C. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-9/98: Mál höfðað þann 5. janúar 1998 af Middeldeutsche Erdöl-Raffinerie GmbH (MIDER) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-11/98: Mál höfðað þann 9. janúar 1998 af A.A.M. van Hest gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-14/98: Mál höfðað þann 13. janúar 1998 af Heidi Hautala, þingmanni Evrópuþingsins, gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-19/98: Mál höfðað þann 19. janúar 1998 af Impreglio SpA o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.